



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2020

1912025SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frv. um Hálandisþjóðgarð

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 18. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Málið tengist náið drögum að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, sem einnig er til umsagnar í samráðsgátt, og vísast til umsagnar um það frumvarp eftir því sem við á.

Bæði lagafrumvörp voru rædd á fundi skipulagsmálanefndar sambandsins 14. janúar sl. og er tekið tillit til umræðu á fundinum við endanlegan frágang þessarar umsagnar, ásamt því að litið er til umsagna og bókana sem borist hafa frá sveitarfélögum um málið. Lögð er áhersla á að athugasemdir sveitarfélaga beinast í nokkrum mæli að báðum frumvörpunum þótt veitt sé sérstök umsögn um hvort frumvarp.

Almennt

Sambandið hefur á fyrri stigum veitt umsagnir um umræðuskjöl sem lúta að stjórnunarfyrikomulagi fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs og fleiri atriðum sem snúa að stofnun þjóðgarðs. Í meginatriðum eru frumvarpsdrögin í samræmi við þau skjöl. Af þeirri ástæðu er ekki tilefni til mikilla efnislegra athugasemda við frumvarpið en óhjákvæmilegt er að vísa einnig til umfjöllunar um frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða þar sem er að finna mörg efnisákvæði sem varða stjórnun Hálandisþjóðgarðs.

Sambandið hefur ávallt haft þann fyrirvara í sínum umsögnum að skiptar skoðanir eru um það meðal sveitarfélaga hvort rétt sé að stofna þjóðgarð sem nær yfir allt miðhálandi Íslands. Ljóst er af þeim umsögnum sem þegar hafa borist frá sveitarfélögum að andstaða við málið er hörð og telja sveitarfélög sem eiga lögsögu innan þess svæðis sem félli undir fyrirhugaðan þjóðgarð að málið feli í sér skerðingu á skipulagsvaldi þeirra innan svæðisins.

Við umfjöllun um málið hefur jafnframt kristallast að ekki hefur náðst niðurstaða um heimildir til orkunýtingar innan þess svæðis sem félli undir fyrirhugaðan þjóðgarð. Inn í umræðu um málið blandast því að Alþingi hefur ekki lokið umfjöllun um þriðja áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun), en lokaskýrsla verkefnisstjórnar var lögð fram í ágúst 2016.

Sambandið leggur áherslu á að allt kapp verði lagt á að ná betri sátt um málið og leyfa umræðu um það að þroskast betur, áður en lagafrumvarp verður lagt fram á Alþingi um um stofnun Hálandisþjóðgarðs.

Athugasemdir við einstakar greinar

5. gr. Stjórn Hálendisþjóðgarðs

Við undirbúning málsins var mikið vísað til stjórnunarfyrikomulags Vatnajökulsþjóðgarðs og að ákveðnu marki sér þess stað í 5. gr. Sá munur er þó á að stjórn Hálendisþjóðgarðs verði 11 manna en í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sitja sjö fulltrúar. Að áliti sambandsins verður það mikil áskorun að ná virkri þátttöku í svo fjölmennri stjórn, þar sem fulltrúar koma víða að af landinu og frá ólíkum aðilum. Æskilegt væri að leita leiða til að fækka aðalmönnum í stjórn en kveða mögulega þess í stað á um rétt samtaka sem nefnd eru í 2. tl. 1. mgr. til að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnarinnar. Með því móti myndi skipan stjórnar svipa meira til Vatnajökulsþjóðgarðs.

Taka þarf fram í frumvarpinu að kostnaður af störfum stjórnar greiðist af fjárheimildum Hálendisþjóðgarðs. Í því felst að sveitarstjórnir beri ekki kostnað af tilnefningu fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins.

7. gr. Rekstrarsvæði Hálendisþjóðgarðs

Vísað er til athugasemda við 5. gr. og lagt til að leitast verði við að fækka fulltrúum í umdæmisráðum.

Rétt væri að skýra betur hvort fulltrúi sveitarfélags sem ekki á fulltrúa í umdæmisráði, sbr. 1. tl. 3. mgr., og Minjastofnunar, sbr. 4. mgr., hafi atkvæðisrétt á fundum eða taki þátt sem áheyrnarfulltrúar og hafi þá eingöngu málfrelsi og tillögurétt við umfjöllun um mál sem varða sérstaklega viðkomandi sveitarfélag eða stofnun.

Loks er óhjákvæmilegt að kalla eftir því að ákvæði þeirra tveggja frumvarpa sem nú eru til umsagnar verði samræmd hvað varðar fjölda fulltrúa í umdæmisráðum. Tekur sambandið undir þá afstöðu sveitarstjórna sem sent hafa umsagnir að heppilegast sé að fjöldi nefndarmanna standi á oddatölu.

8. gr. Hlutverk umdæmisráðs

Nafn fyrirhugaðrar Þjóðgarðastofnunar hefur misritast í 2. tl.

Taka þarf fram að kostnaður af störfum umdæmisráða greiðist af fjárheimildum Hálendisþjóðgarðs. Í því felst að sveitarstjórnir beri ekki kostnað af tilnefningu fulltrúa í umdæmisráð.

11. gr. Orkunýting

Sambandið lýsir ekki afstöðu til einstakra virkjanaáforma innan fyrirhugaðs þjóðgarðs. Þó má draga þá ályktun af umfjöllun um frumvarpið að mikið vanti enn upp á að sátt sé um þá tilhögun sem lögð er til í 2. mgr. Þar segir:

Aðeins má heimila nýjar virkjanir í Hálendisþjóðgarði á afmörkuðum virkjanasvæðum, hafi hin nýja virkjun verið skilgreind í orkunýtingarflokki í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sem samþykkt hefur verið á Alþingi á grundvelli laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Í 3. mgr. er þó skilinn eftir möguleiki fyrir virkjanakosti sem skilgreindir eru í biðflokki í 3. áfanga rammaáætlunar enda verði þeir færðir í nýtingarflokk úr biðflokki. Aðrir virkjanakostir eru hins vegar útilokaðir nema þeir falli undir ákvæði 4. mgr. um að vera til þess að sjá starfsemi þjóðgarðsins fyrir orku.

Jafnframt eru nýjar háspennulínur í lofti ekki leyfðar innan þjóðgarðs á miðhálandinu, sem í raun útilokar raforkuflutning á milli landshluta, í gegnum þjóðgarðinn, þegar horft er til þeirrar tækni sem til staðar er nú. Tilefni er til þess að vísa til umsagna Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sem samþykkt var á 148. löggjafarþingi, þar sem fram koma miklir fyrirvarar við að útiloka slíkar flutningsleiðir, t.d. um Sprengisandsleið.

Að álit sambandsins er nauðsynlegt að útkljá ágreining um framangreind atriði áður en frumvarp um Hálandisþjóðgarð verði lagt fram á Alþingi.

Lokaorð

Sambandið óskar eftir því að fá tækifæri til þess að eiga fund með ráðuneytinu til að fara nánar yfir áherslur í umsögnum sveitarfélaga og ræða leiðir til að auka sátt um málið gagnvart sveitarstjórnnum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

